



Framvinduskýrsla 1

29.1.2013

Skýrsla skrifuð af Steingerði Hreinsdóttir –fyrir tímabilið sept- nóv með viðloðun við verkefnið – og svo frá og með fyrsta desember í fullri vinnu.

Í ágúst 2012 var ljóst að Vilborg hefði hug á að fara á Suðurpólinn og sú ákvörðun var tekin að hún myndi þá segja upp sínu starfi. Fyrsta verk undirritaðrar var að fara á fund European Geoparks Network sem haldinn var í Arouca í Portúgal en meðlimir EGN eru skyldugir til að senda tvo fulltrúa á tvo fundi á ári – annarsvegar að hausti og hinsvegar að vori.

Vilborg vann að ákveðnum verkefnum áfram á meðan á hörðum undirbúningi stóð fyrir pólinn og ég var áfram hjá APS út nóvember en var þó á sama tíma að vinna að ákveðnum verkefnum jarðvangsins, sér í lagi í samstarfsverkefnum við norræna jarðvanga, umsókn til IPA sem jarðvangurinn tekur þátt í, uppsetning á rekstraráætlun fyrir IPA Budgetið, ráðningu starfsfólks fyrir jarðvanginn, undirbúning námskeiða sem haldin voru í byrjun desember, fara yfir könnun á meðal ferðamanna sem gerð var sl. sumar með það fyrir augum að nýta hana með frekari vinnu sem undirstöðu fyrir markaðs- og rekstraráætlun fyrir framtíð garðsins eftir IPA, klára það sem eftir stóð af vinnu við Kötluafurðir og glöggva mig bæði á þeirri vinnu sem unnin hafði verið en eins á því hvað var farið af stað og átti eftir að ganga frá svo sem verkáætlun fyrir Ísland allt árið, samningar sem mest virðast vera munnlegir svo sem fyrir merkið – límmiða/prenntun,,, bjórin ofl.

Úttektaraðili á vegum Evrópusambandsins kom í nóvember og farið var með hana í jarðvanginn, henni kynntar stefnur og straumar ásamt því að fara með hana í heimsóknir til hagsmunaaðila svæðisins. Útkoma úttektarinnar var að mestu mjög jákvæð en þó komu fram áhyggjur af þeim tögum sem óhjákvæmilega urðu vegna seinkunar við undirritun og starfsmannabreytinga.

Desember:

Í annarri viku desember voru haldnir 3 fundir/námskeið fyrir hagsmunaaðila í jarðvanginum. Þeir fundir voru misvel sóttir en sýnu betur á Klaustri og Vík heldur en á Hvolsvelli. Á námskeiðinu var farið yfir hugmyndafræði jarðvanga sem unnið hefur verið eftir frá því árið 2008 þegar HfSu og APS hófu þessa vegferð með átaksverkefni fyrir svæðið. Jarðvangurinn sem tæki til byggðarþróunar var reifaður og hlutverk fyrirtækjanna og einstaklinga svæðisins.

Farið var yfir Geosites sem voru valdir á sínum tíma af ferðaþjónustunni, jarðfræðingum og sveitarstjórnendum, farið í örlítið stöðumat og í frammhaldinu tekin smá stund til þess að forgangraða verkefnum sem hægt verður að fara í með hjálp IPA styrksins.

Þá var farið yfir IPA styrk evrópusambandsins lið fyrir lið og fjárhagsuppsetningin útskýrð – farið yfir þá starfsmenn sem ráðnir hafa verið og verkefni sem hafa verið unnin, verið er að vinna og þau sem farið verður í að vinna eins hratt og ákveðið og hægt er.

Í þriðja lagi var svo farið yfir könnun sem unnin var síðasta sumar sem gerð var meðal ferðamanna á svæðinu yfir hásumarið. Könnunin var hugsuð sem nokkurskonar stöðugreining á eyðslumynstri ferðamanna á svæðinu. Tilgangur könnunarinnar eins og hún er sett upp er að safna sem ítarlegustum upplýsingum um það hve miklu ferðamaðurinn eyðir í hemsókn sinni í jarðvanginn til þess að við getum glöggvað okkur betur á því hvað við getum gert til þess að auka tekjur samfélagsins af þessari mikilvægu tekjulind.

Stöðugreiningin sem könnunin á að skila er hugsuð sem grunnur að markaðsáætlun fyrir jarðvanginn sem einnig verður nýtt til þess að gera verk- og rekstraráætlun fyrir sjálfbæran jarðvang framtíðarinnar.

Einhver tími hefur farið í að fara yfir niðurstöður fundanna, sérstaklega með tilliti til könnunarinnar og líka að fara yfir það hvernig hagsmunaaðilar forgangsraða geosites, finna út hvað Vegagerðin er að gera á hverjum af þessum stöðum og vita hvernig þessar niðurstöður falla að skipulagi sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar.

Vefsíða

Vefsíðan www.katlageopark.is er léleg – í raun algjörlega ónýtt með röngum upplýsingum og takmörkuðum. Kvartað hefur verið yfir henni og komið með ábendingar sem verða nýttar.

Slóganið „the most dynamic destination in the world“ hefur verið í notkun - því verður breytt í Dynamic destination eins og sótt var um einkaleyfi fyrir.

Tvö skráð vörumerki þ.e Katla Geopark og Dynamic Destination.

Síðan verður þannig uppsett að við verðum með kort af öllu svæðinu þar sem fram koma punktarnir sem valdir voru geosites – þ.e 81 staður.

Að öðru leyti verður þjónustusíða þar sem allir ferðaðþjónustuaðilar á svæðinu fá sína umfjöllun, þá verður einnig pláss fyrir myndbönd og annað kynningarefni.

Starfsfólk

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir tók til starfa við jarðvanginn í hálfu starfi á móti hálfu starfi hjá MSS 1. desember. Hennar vinna hefur mestmegnis falist í að finna til og vinna úr öllu efni sem til er um þessa 81 geostaði í jarðvanginum, til þess að auðvelda vinnu við upplýsingaskilti og heimasíðuna.

Rannveig Ólafsdóttir kemur til vinnu 1. febrúar og verður með aðsetur að mestu leyti í Kirkjubæjarstofu en verður eins og allt starfsfólk jarðvangsins færanleg eftir verkefnum hverju sinni.

Jóna Björk Jónsdóttir kemur svo til starfa 1. júní.

Janúar

Byrjaði á því strax í byrjun árs að senda nýja verkáætlun fyrir verkefnið Ísland allt árið sem Vilborg sótti um í janúar í fyrra en ekki hafði verið skrifað undir eða klárað. Umsóknin hljóðaði uppá að vinna og sækja um ferðaskipuleggjendaleyfi sem hefur verið gert. Einnig var Vilborg búin að semja við Icelandair um myndband fyrir flugleiðir Icelandair uppá 2.2 milljónir.

1.5 milljónir fengust í styrk og ég hef verið að vinna að því með NMÍ að reyna að koma honum í þann farveg að hægt sé að greiða okkur hann.

Myndbandið kom ekki heldur vel út fyrir okkur þannig að það þarf að klippa það til og vinna það upp á nýtt þannig að það geti raunverulega nýst fyrir jarðvanginn. Sú vinna er í gangi núna.

Könnunin sem lögð var fyrir ferðamenn síðastliðið sumar var lagfærð og endurskrifuð þannig að hægt sé að fá þessar upplýsingar frá ferðabjónustuaðilum. Könnunin hefur verið send út og unnið verður úr niðurstöðum á komandi mánuðum og nýttar til stöðugreiningar.

Námskeið í smáframleiðslu í Jarðvangi

Í mars verður haldið námskeið í tengslum við matvælaframleiðslu/smáframleiðslu í jarðvangi. Þetta er 16 tíma námskeið – styrkt og niðurgreitt af IPA – námskeiðslýsing og drög að námskeiðsgögnum eru tilbúin. Námskeiðið er haldið í samvinnu með Fræðslunetinu og auglýst á þeirra slóðum.

... fundur með vegagerðinni

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri tók vel á móti okkur Rögnavaldi í upphafi árs. Við fórum yfir þær hugmyndir sem komið hafa fram um vinnu við geosites og mátuðum þær við hugmyndir Vegagerðarinnar um ferðamannavegi. Bæði Hreinn og Björn Ólafsson sem sér aðallega um kynningarmál Vegagerðarinnar tóku einstaklega vel í að taka þátt í vinnunni og sérstaklega voru þeir ánægðir með að við vildum samnýta krafta okkar með tilliti til nýtingu á efni og vélakosti.

Fundir með Rangárþingi eystra og Mýrdalshreppi um skipulagsmál

Byrjað var að þreifa á skipulagsmálum í Rangárþingi eystra og Mýrdalshreppi með það fyrir augum að hægt væri að fara að vinna aðgerðarplan fyrir þá staði sem til greina koma til uppbyggingar. Í Rangárþingi hitti ég sveitarstjóra, skipulags og byggingafulltrúa ásamt varaoddvita sveitastjórnar og í Mýrdalnum kom sveitarstjóri ásamt Eiríki forstöðumanni Kötluseturs til skrafs og ráðagerða.

Fundur með Ferðamálastofu

Það er mikilvægt að samræma áætlanir sveitarfélaganna, vegagerðarinnar og jarðvangsins við hugmyndir og áætlanir Ferðamálastofu um uppbyggingu áfangastaða í jarðvanginum. Það er mikil jákvæðni innan Ferðamálastofu gangvart jarðvanginum og mikið af verklagi þeirra við uppbyggingu byggir á sömu aðferðafræði og beitt var við gerð umsóknarinnar til EGN – þ.e self evaluation kerfinu.

Skiltamál

Það er skilti við þjóðveginn þegar komið er inn í jarðvanginn vestan til sem kemur engan veginn vel út. Í janúarbyrjun var sótt um til forsetisráðuneytisins að færa það skilti inná Laugaveg við sveitafélagsmörkin þannig að gangandi vegfarendur og akandi að Fjallabaki viti hvenær þeir eru að koma inn í jarðvanginn. Planið er að gera stærri og greinilegri skilti fyrir innkomu inn í jarðvanginn og á eftir að útfæra það.

Greinaskrif

Vann með Icelandic times að grein sem birtist í desember og heitir What is a Geopark anyway.

...

Kortagerð

Í IPA styrknum er gert ráð fyrir kortagerð – m.a þremur ítarlegum göngukortum (eftir sveitafélagamörkum) og svo kortum fyrir 25 staði sem unnið verður að uppbyggingu við. Í dag er verið að byrja þá vinnu og hugmyndin er að gera n.k. prototýpu af skiltum og allri uppbyggingu við Hjørleifshöfða en vinna við þann stað hefur farið af stað í samvinnu við landeigendur og sveitarfélagið.

Geoparkvika

Hin árlega jarðvangsvika verður að þessu sinni frá 22. -28. apríl 2013.

Hugmyndin er að þema að þessu sinni verði eldklerkurinn séra Jón Steingrímsson vegna þess að í júní eru 230 ár frá upphafi Skaftárelda.

Eins og venjan er verða ferðapjónustuaðilar, skólar og allir íbúar jarðvangsins hvattir til að láta til sín taka í þessari viku og bjóða upp á eitthvað sem tengist svæðinu og gæti trekkt að.

Hugmyndir hafa komið upp um að jarðvangurinn sjálfur skipuleggi nokkur atriði sem lið í því að kynna verkefnið frekar og sérstaklega bjóða gestum og gangandi að koma á svæði og dvelja.

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á þrjár ævintýraferðir hverja í sínu sveitarfélagi – sú fyrsta verður á fimmtudeginum 25. sem er sumardagurinn fyrsti en það verður ganga upp á Eyjafjallajökul í blíðskaparveðri ☺, á laugardeginum 27. verður sandhlaup í kringum og uppá Hjørleifshöfða og á sunnudeginum verður eitthvað óhemju spennandi hlaup/ganga/hjólaferð eða annað sem hentar og á eftir að útfæra. – Til þess að freista þess að halda fólkinu í jarðvanginum allan þennan tíma verður boðið upp á pakka sem innifelur mismunandi útgáfur af gistingu/mat og ævintýrum og tónleikahaldi.

Væntanlega verður veitingarhúsa eigendum boðið uppá að láta framleiða fyrir sig bjór og vatn undir merki jarðvangsins tilbúið til sölu fyrir þessa viku.

...

Annars hefur verið unnið að rekstrar- og verkáætlun fyrir IPA verkefnið og lagður grunnur að markaðsáætlun og nýju rekstrarformi.
